

# Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Neskaupstað

Olíudreifing ehf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir rekstur olíubirgðastöðvar á Neskaupstað í Fjarðabyggð. Með starfsleyfinu er rekstaraðila veitt heimild til að taka á móti og geyma olíu til afgreiðslu í Naustahvamm 53 allt að 4000 m<sup>3</sup> í stærsta geymi og í Naustahvamm 57 allt að 2130 m<sup>3</sup> í stærsta geymi. Einnig er heimil móttaka úrgangsolíu. Í veitingunni felst að eitt leyfi hefur verið veitt fyrir starfsemi sem féll áður undir tvö leyfi Olíudreifingar ehf. enda er starfsemin rekin sem ein stöð og ekki þörf á á tvöföldu eftirliti.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 31. október til 26. desember 2013. Tillagan var, auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Fjarðabyggð, Heilbrigðisnefnd Austurlands og Olíudreifingar ehf. Þá lá tillagan frammi í ofangreindan tíma á skrifstofu Fjarðarbyggðar ásamt umsóknargögnum.

Ein athugasemd barst á auglýsingatíma, sem var frá Olíudreifingu ehf. Að auk kom ein athugasemd fram í umsagnarferli sem hafði átt sér stað þar á undan (Heilbrigðisnefnd Austurlands 15. júlí).

Olíudreifingar lagði til að eftirfarandi setning í grein 2.4 í tillögu að starfsleyfi væri fjarlægð, að „*Olía skal fjarlægð úr olíuhólfi eigi sjaldnar en einu sinni á ári*“. Forsenda þessarar beiðni er að Olíudreifing mun framvegis ekki leiða undantappaða olíu í olíuskilju og við það byrja að endurnýta hana eða setja beint í úrgangsolíuflát. Sú aðgerð myndi minnka mjög það magn olíu sem færi í olíuskilju. Umhverfisstofnun hefur orðið við ofangreindri ósk og bætt við setningu, að „*Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs*“.

Athugasemd Heilbrigðisnefndar Austurlands varðaði gr. 4.8 starfsleyfisdraga. Óskað var eftir viðbótarskilyrði, um að öll starfsemi skuli fara fram innan lóða, að ekki megi geyma hluti og tæki utan lóðamarka og að halda skuli umhverfinu snyrtilegu meðfram steypum veggjum sem afmarka lóðirnar. Fram kemur í grein 1.1 að starfsleyfið nær til afmarkaðra lóða í Fjarðabyggð. Starfsleyfis skyld starfsemi olíubirgðastöðvarinnar skal því fara fram innan tilgreindra lóða nema fyrirtækið sæki um leyfi á öðrum stað. Leyfið nær ekki til flutnings á olíu, sem fer að mestu leyti fram utan lóðamarka. Ákvæði 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs gilda um úrgang utan þeirra lóða sem tilgreindar eru í starfsleyfinu þar sem fram kemur m.a. að allur úrgangur skuli færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga og að óheimilt sé að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.

Umhverfisstofnun breytti að auki að eigin frumkvæði grein 6 með því að bæta við setningu um að „*Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldri starfsleyfi Olíudreifingar ehf. fyrir olíubirgðastöð við Naustahvamm 57, frá 2.01.2006 og starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar, áður í eigu Íslenskrar olíumiðlunar við Naustahvamm 53, frá 22. 03. 2005, sem útgefin voru af Umhverfisstofnun*“. Nokkrum öðrum greinum leyfisins var lítillaga breytt hvað orðalag varðar og til að gera textann skýrari.